

Fundargerð 468

Föstudaginn 18. janúar 2019 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Fosshótel Húsavík. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Illugi Gunnarsson (IG) stjórnarformaður, Einar E. Einarsson (EEE), Gunnar Þór Sigbjörnsson (GÞS), Gunnar Þorgeirsson (GÞ), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarasdóttir (MaH) og Sigríður Jóhannesdóttir (SJ). Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson (AÞ) forstjóri, Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) umsjónarmaður áhættustýringar, Snorri Björn Sigurðsson (SBS) forstöðumaður þróunarsviðs, og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:26 og lagði fram eftirfarandi dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Lánamál - til afgreiðslu
3. Lánveitingar til minkabænda - til afgreiðslu
4. Úthlutun rannsóknastyrkja til meistaranema 2019 - til afgreiðslu
5. Áhættuskýrsla 4 ársfjórðungs 2018 - til kynningar
6. Staða rekstrar og verkefna við árslok 2018 - til kynningar
7. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
8. Önnur mál
9. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerð höfðu verið sett í fundargátt stofnunarinnar fyrir fund nema annað sé tekið fram.

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 467. Engar athugasemdir komu fram og bar formaður upp fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

2. Lánamál - til afgreiðslu

...

3. Lánveitingar til minkabænda - til afgreiðslu

EEE vék af fundi.

Fyrir fundinum liggur minnisblað þar sem kynntar eru aðgerðir til aðstoðar loðdýrabændum sem AÞ kynnti.

Með bréfi dagsettu þann 7. desember 2018 fór samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið þess á leit við Byggðastofnun að hún taki til skoðunar möguleika á að koma á fót sérstökum lánaflökki sem ætlaður sé loðdýrabændum í lausafjávanda vegna alvarlegrar stöðu minkaræktar á Íslandi, sem m.a. má rekja til lágs skinnaverðs og offramleiðslu sem varð á heimsvísu á árunum 2011-2014 og verðlækkana á mörkuðum í framhaldi af því.

Starfshópur var settur saman sem lagði til aftirfarandi tillögur sem AME kynnti.

- Heildarpottur verði 100 mkr. nema ríkisstjórn og Alþingi leggi til aukin framlög í varasjóð umfram þær 30 mkr. sem þegar hafa verið samþykktar. Fjárhæðinni verði skipt upp í tvennt:
 - Annars vegar allt að 30 mkr. heildarpottur þar sem veðsetning er umfram hefðbundin veðaviðmið stofnunarinnar en þó innan viðmiðana samkvæmt fyrrgreindum EES samningi.
 - Hins vegar allt að 70 mkr. heildarpottur þar sem veðsetning er innan almennra veðaviðmiða stofnunarinnar.
- Lán á hvert bú verði að hámarki EUR 200.000. M.v. gengi í dag eru það um 27 mkr.
- Lán verði í EUR.
- Lánstími verði að hámarki 10 ár.
- Vextir verði 2% álag á EURIBOR (almenn lán stofnunarinnar eru með 4,5% álagi).
- Lántökugjald verði 1% (almennt lántökugjald er 1,8%).
- Greitt sé af lánum þegar heimsmarkaðsverð er yfir 8.000 kr. per skinn.
 - Afborganir og vextir færast við höfuðstól þegar ekki er greitt.
 - Hafi hvorki verið greiddir vextir eða afborganir af láninu eða heimsmarkaðsverð á skinum ekki náð kr. 8.000 per skinn í 3 ár verður lánið gjaldfellt.
- Fyrir liggja rekstraráætlun.
- Lánum skal ráðstafað í skammtímaskuldir loðdýrabænda, þar hafi skuldir við fóðurstöðvar forgang, en ekki til greiðslu vanskila eða til endurfjármögnunar langtímalána fjármálastofnanna.
 - Byggðastofnun sjái um útgreiðslu skv. reikningum.
- Auglýst verði eftir umsóknum og þær allar afgreiddar samtímis.

Lagt er til að stjórn samþykki að minkabændum verði boðið að sækja um lán til Byggðastofnunar á þessum kjörum, umsóknir fari svo í greiningu lánasérfræðinga stofnunarinnar og RML. Málin verði öll afgreidd samtímis í stjórn Byggðastofnunar þegar greining og umfjöllun lánanefndar liggur fyrir.

Komi upp sú staða að gjaldgengar umsóknir verði hærrí en ofangreindir pottar taka til og/eða ljóst þykir að fáir bændur mæti kröfum lánaflöksins verður staðan endurmetin í stjórn stofnunarinnar.

Í umræðunni tóku þátt GP, IG, SJ, GPS, KB

Formaður bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

EEE kom aftur á fundinn.

4. Úthlutun rannsóknastyrkja til meistaránema 2019 - til afgreiðslu

AP kynnti tillögu stjórnar Byggðarannsóknasjóðs um rannsóknastyrki til meistaránema sem liggur fyrir fundinum auk kynningar á þeim umsóknum sem lagt var til að yrðu styrktar.

Auglýsing um styrkina birtist í október og voru upplýsingar sendar til íslensku háskólanna og þess óskað að þeim væri komið á framfæri við meistaránemendur. Umsóknafrestur rann út 6. nóvember 2018. Alls bárust níu umsóknir. Að loknum umsóknarfresti fengu stjórnarmenn Byggðarannsóknasjóðs sendar allar umsóknir.

Niðurstaða stjórnar Byggðarannsóknasjóðs er að leggja til við stjórn Byggðastofnunar að eftirfarandi verkefni verði styrkt:

1. *Að takast á við langvinnan sjúkdóm fjarri sérfræðipjónustu: upplifun einstaklinga með kransæðasjúkdóm*, umsækjandi Þórunn Björg Jóhannsdóttir, Háskólanum á Akureyri. - kr. 350.000
2. *Reynsla fólks af landsbyggðinni af krabbameinsmeðferð fjarri heimabyggð*, umsækjandi Halldóra Egilsdóttir, Háskóla Íslands. - kr. 350.000
3. *Heimavinnsla landbúnaðarafurða - framtíðarhorfur*, umsækjandi Elfa Björk Sævarsdóttir, Háskóla Íslands. - kr. 300.000

Aðrar umsóknir fá ekki styrk.

Í umræðunni tóku þátt allir stjórnarmenn.

Formaður bar upp tillögu stjórnar Byggðarannsóknasjóðs og var hún samþykkt samhljóða.

5. Áhættuskýrsla 4. ársfjórðungs 2018 - til kynningar

Fyrir fundinum liggur áhættuskýrsla 4. ársfjórðungs sem HP kynnti. Stofnunin er innan marka í öllum markmiðum sem sett hafa verið utan sk. LPA mælikvarða. Skýrðu HP og AME frá ástæðum þess og hvernig brugðist hefði verið við.

Formaður óskaði eftir því að á næsta fundi kæmi greining á umhverfi fiskeldis á Íslandi.

MH upplýsti um fyrirhugað skuldabréfaútboð og væntingar til þeirra kjara sem stofnunin ætti að fá.

Í umræðunni tóku þátt allir stjórnarmenn auk AP.

6. Staða rekstrar og verkefna við árslok 2018 - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir stöðu verkefna á starfsáætlun ársins 2018 og staða rekstrar 31.12.2018 sem AP kynnti.

Samningur um aflamark Byggðastofnunar á Flateyri er í uppnámi og líklegt að samningi verði rift. Eyrarrósinn verður afhent í Garði, Sandgerðisbæ 12. febrúar nk.

SJ spurði um sértækan byggðakvóta

MH upplýsti að Fjármálaeftirlitið hafi ákveðið að sveiflujöfnunarauki muni hækka í 2,0% þann 7. janúar 2020. Heildar eiginfjárfkrafa á Byggðastofnun verður þá 12,5%

MH upplýsti að Ríkisendurskoðun hefði samið við PWC um endurskoðun á ársreikningi stofnunarinnar næstu 7 árin. Arna G Tryggvadóttir mun stýra vinnu við endurskoðunina.

7. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum láu fundargerðir lánanefndar nr. 41/18, 1/19 og 2/19 AME fór yfir fundargerðirnar og svaraði spurningum stjórnarmanna.

8. Önnur mál

Fyrir fundinum lá skýrsla um samanburð orkukostnaðar heimila árið 2018 sem lögð var fram til kynningar. EEE óskaði eftir kynningu á henni á næsta stjórnarfundum.

AP óskaði eftir hugmyndum stjórnarmanna um framtíð Landstólpans, samfélagsviðurkenningar Byggðastofnunar.

9. Næsti fundur

Næsti fundur verður 22. febrúar á Sauðárkróki.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:54

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____